

# Reglugjörð

7

17. febr.

## um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðs sykri.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfríðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

### 1. gr.

Rúgmjöl mega bakarar ekki nota til brauða nema blanda það að einum fjórða hluta með maismjöli. Ekki mega heldur aðrir gera brauð úr rúgmjöli til sölu, nema það sje blandað maismjöli eins og á undan greinir.

### 2. gr.

Hveíti mega bakarar aðeins nota til að baka súrbrauð, franskbrauð, vanalegar tvíbökur og algengar bollur. Ekki mega heldur aðrir nota hveiti til baksturs til sölu, annars en þess, er að framan getur.

### 3. gr.

Bannað er að nota rúg og rúgmjöl, hveiti og haframjöl til skepnufóðurs.

### 4. gr.

Bakstur þann, sem bannaður er í reglugjörð þessari, en gerður hefir verið áður en hún öðladist gildi, má þó selja eftir að hún gekk í gildi, en ekki hærra verði en áður.

### 5. gr.

Sykur þann, sem landsstjórnin útvegar og selur kaupmönnum eða fjelögum til útsölu til almennings eða fjelagsmanna, mega þeir eða þau aðeins selja út aftur gegn afhendingu sykursedla og með því verði, sem stjórnarráðið hefir ákveðið. Bæjarstjórn útbýtir sykursedlum til almennings og setur nánari ákvæði því viðvíkjandi með samþykki stjórnarráðsins.

Sykursedla þá, sem seljendur sykursins taka á móti, er þeim skylt að geyma og afhenda, þegar krafist er, þeim, sem bæjarstjórn setur til þess að heimta þá inn.

Kaupmenn og fjelög, sem sykurinn selja almenningi eða fjelagsmönnum, mega ekki binda söluna neinum öðrum skilyrðum en þeim, sem á undan greinir.

7

17. febr.

6. gr.

Brot á móti ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 500 kr. og fer um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

7. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi fyrir Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarkaupstað. Með auglýsingu getur stjórnarráðið látið reglugjörðina öðlast gildi fyrir aðra kaupstaði og önnur sveitarfélög, og annast þá sveitarstjórn þau störf, sem bæjarstjórnunum eru ætluð.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 17. febrúar 1917.**

**Sigurður Jónsson.**

Jón Hermannsson.

8

20. febr.

## Samþykkt

**um breyting á samþykkt 16. des. 1910 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og þeim þiljuðu mótorbátum, sem ekki eru stærri en nemi 15 smálestum, í Vestmannaeyjasýslu.**

1. grein hljóði svo:

Frá 1. degi janúarmánaðar til 31. mars, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar seinna að degi en kl. 4 e. h. og frá 1. apríl til loka þess mánaðar kl. 7 e. h.

Frá 1. til 31. janúar má eigi fara til fiskjar fyr en kl. 5 f. h. Frá 1. til 15. febrúar að báðum dögum meðtöldum kl. 4½ f. h. Frá 15. febrúar til loka sama mánaðar kl. 4 f. h. Frá 1. til 15. mars að báðum dögum meðtöldum kl.